

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
70. fundur haldinn í Snæfellsstofu, 23. apríl 2015

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Jóhann Þórhallsson, Skúli Björn Gunnarsson og Þórhallur Þorsteinsson. Einar Kr. Haraldsson boðaði forföll. Jafnframt sátu fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður, og Sævar Þór Halldórsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Dagskrá:

- 1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerðar**
- 2. Landvarðaraðstaða í Krepputungu**
- 3. Skýrsla þjóðgarðsvarðar m.a. framkvæmdir sumarsins**
- 4. Önnur mál.**

Formaður setti fund kl. 15.10. Gengið var til dagskrár.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerðar

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 69. fundar, sem samþykkt hafði verið í tölvupósti, var undirrituð.

2. Landvarðaraðstaða í Krepputungu

Formaður gaf Þórhalli orðið sem gerði grein fyrir tillögu sinni um að landvarðaraðstaða yrði byggð upp við vegamótin í Kverkhnjúkaskarði vestan við Lindarfjöllin. Dagdvalaraðstaða væri þá í Hvannalindum og við Kreppubrú.

Stjórnunar- og verndaráætlunin er að fara í auglýsingu og svæðisráð telur of seint að koma þessari tillögu inn í áætlunina áður en hún fer auglýsingu. Svæðisráðið samþykkir hins vegar einróma að koma þessari tillögu inn sem athugasemd í auglýsingaferlinu.

3. Skýrsla þjóðgarðsvarðar, m.a. framkvæmdir sumarsins

Ragna Fanney fór stuttlega yfir framkvæmdir sumarsins en gert er ráð fyrir 12 m.kr. á austursvæði. Lítilsháttar framkvæmdir eru fyrirhugaðar kringum Snæfellsstofu til að bæta aðstöðu og aðgengi ferðamanna. Einnig innandyra þar sem þarf að fá bókahillur, uppfæra kort og fleira.

Í Snæfelli verður farið í viðgerðir á suðurgafli skálans og að mála hann. Bætt verður við bekkjum og borðum á áningarstöðum á Snæfellssvæðinu og hringsjá verður sett upp á Bjálfafellið. Þá komu 12 m.kr. úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í hreinlætisaðstöðu í Snæfelli. Svæðisráð bað þjóðgarðsvörð um að ýta á eftir Mannviti með að koma deiliskipulaginu í auglýsingu svo að tryggt verði að af framkvæmdum verði í sumar.

Nokkrar gönguleiðir verða stikaðar og lagaðar. Unnið verður í merkingum og uppsetningu fræðsluskilta. Snæfellsöræfabæklingurinn verður uppfærður og endurútfinn. Einnig bæklingur á nokkrum tungumálum fyrir Snæfellsstofu. Þá fer fjármagn í deiliskipulagsgerð vegna nokkurra staða.

Hugsanlegt er að meira fjármagn komi til framkvæmda á austursvæði.

4. Önnur mál

a) **Næsti fundur.** Svæðisráð ætlar að funda einu sinni fyrir sumarið, stefnt á 28. maí.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15.45.

Ruth Magnúsdóttir

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð

Jóhann F. Þórhallsson

Björn Ármann Ólafsson

Þórhallur Þorsteinsson